

Sæl

Ef áform með veggjöld verða að veruleika þá vill ég að menn passi það að fólk komist á Landspítalann án þess að þurfa að borga veggjöld á t.d. Miklubraut. Fólk sem er veikt og frá vinnu (jafnvel launalaust) og þarf að sækja meðferð á Landspítalann, sem er ekki fært um að nota aðra samgöngumáta en bíl, á ekki líka að þurfa borga veggjöld til að komast á spítalann.

Dæmi:

Einstaklingur sem er frá vinnu og býr á Selfossi þarf að koma þrisvar í viku á Landspítalann í meðferð. Hann yrði þá rukkaður fyrir að aka Hellsheiðina og svo fyrir að keyra inn í Reykjavík t.d. Miklubraut og svo rukkaður fyrir bílastæði við Landspítalann og svo allt aftur til að komast heim. Það gengur ekki.

Þyrfti að vera trygging fyrir því að menn væru ekki marg rukkaðir. Ef suðurnesjamennt ætla t.d. í sumarþústað í Borgarfirði ættu þeir ekki að þurfa að borga bæði á Reykjanesbæ og Vesturlandsveg. Ein hugmynd væri að það væri ekki hægt að rukka þig oft en einu sinni á tveggja klukkustunda tímabili. Þannig að ef þú ert lagður af stað og búinn að keyra í gegnum gjaldstöð en þarft að snúa við til að sækja eitthvað að þú verðir ekki rukkaður aftur 10 mín. seinna á sama stað.

Það þyrfti nánari útfærsla á framkvæmdinni (hvar menn ætla að rukka) að liggja betur fyrir áður en málið er tekið fyrir.

Bjarni Antonsson
Kleifakór 3